

vaxa *so. sb.-6 – fara*
[óx, uxum, vaxið]

– hann vex svo hratt að fötin
passa honum ekki lengur

‡ • vaxandi, vöxtur » spretta

einnig *ao.*

– það er einnig hægt að fá leigð
tjöld

‡ » líka

auðvitað *ao.*

– auðvitað kem ég með þér!

‡ auðvitat • vita, vit, vitlaus, vitneskja, vitni,
forvitinn, vitna, vitund; auðveldur

‡

strax *ao.*

– ég kem strax

dauð-i *kk. et. – tími*
[-a]

– ekki tala um dauðann

‡ • dauður, deyja « líf

binda *so. sb.-3 – drekka*
[batt, bundum, bundið]

– hann batt slaufu á pakkann

‡ • hefðbundinn « losa

lok-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– viltu loka glugganum?

‡ • lokaður; ljúka, lokinn, lok, loks(íns) » læsa
« opna

‡

hlust-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hún hlustar á útvarp

félag *hk. – hús Ö*
[-s, félög]

– ertu í einhverju félagi?

‡ • félagi, félagslegur, hlutafélag, þjóðfélag

horn *hk. – hús*
[-s, -]

– búðin er á næsta horni

‡

svar *hk. – hús Ö*
[-s, svör]

– ég veit rétta svarið!

‡ • svara « spurning

myrkur *hk. – hús R B*
[-s, -]

– komdu heim fyrir myrkur!

‡ myrkr » dimmur (lo) « birta (no)

nauðsynleg-ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– er nauðsynlegt fyrir ykkur að
taka lán?

‡ nauðsynligr • nauðsyn

þykk-ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -stur]

– hún er með þykkt og fallett hár

‡ þykkur « þunnur

einfald-ur *lo. – gulur Ö*
[einföld, einfalt; -ari, -astur]

– þetta eru mjög einföld dæmi

‡ einfaldr • einfaldlegur » auðveldur « erfiður

‡

fugl *kk. – hestur O*
[-s, -ar]

– þetta var hvorki fugl né fiskur